

24. febrúar 1982.

97

Nr. 54.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald af hverju tonni sements skuli vera kr. 150 frá 25. febr. 1982 þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt við tollafgreiðsiu. Annast tollsýjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 24. febrúar 1982.

F. h. r.

Þórhallur Ásgeirsson.

Yngvi Ólafsson.

23. febrúar 1982.

Nr. 55.

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri gjalddaga ársins 1982 hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit kr. 705
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu kr. 560
Hljóðvarpsgjald (þ.e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu) kr. 180

Menntamálaráðuneytið, 23. febrúar 1982.

Ingvar Gíslason.

Knútur Hallsson.